

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 8/1996 um breytingar á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 3/1996 um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1996, með áorðnum breytingum samkvæmt auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 7/1996.

Frá og með 1. október 1996 breytist skattmat á dagpeningum sem launamaður fær greidda vegna ferða innanlands á vegum launagreiðanda og halda má utan staðgreiðslu. Matið verður sem hér segir, sbr. kafla 4.2. í auglýsingunni:

Gisting og fæði í einn sólarhring:	kr. 8.400, verði kr. 7.250.
Gisting í eina nótt:	kr. 4.900, verði kr. 3.750.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. október 1996.

Reykjavík, 2. október 1996.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

REGLUGERÐ

um vínmál og löggildingu þeirra.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi fjallar um vínmál. Vínmál eru áfengisskammtarar og ölmál sem notuð eru til að mæla skammta víns eða áfengs öls sem ætlað er til sölu. Í samræmi við 10. gr. laga um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992, bera eigendur slíkra áfengisskammtara ábyrgð á að þeir hafi gilda löggildingu.

II. KAFLI

Skilgreiningar.

2. gr.

Brúnarmerki. Brúnarmerki eru tvö merki sem slegin eru í veltivínmál, til staðfestingar málrúmtaks þess. Þau eru slegin í veltivínmál þétt við efstu brún þess. Merkin skulu þannig mótuð að unnt sé að sjá hvort sorfið hafi verið af brúninni eftir að vínmálið hefur verið löggilt. Brúnarmerkin skulu vera gegnt hvoru öðru.

Löggildingarhnappur. Löggildingarhnappur er sérstakur hnappur eða flipi úr plasti eða mjúkum málm, sem notaður er til að læsa saman innsiglisvír eða -þráð, þetta er gert með því að klemma hnappinn utan um vírinn eða þráðinn. Þegar hnappurinn er klemmdur saman er jafnframt þrykkt í hann löggildingartákni sem sýnir að mælitæki sem hann ber hefur verið löggilt.